

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um kaup á jörðinni Selja-landi í Eyrarhreppi handa kaupstaðnum. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra bæjarfógeti, dagsett 17. febr. þ. á., vil jeg hjer með samkvæmt beiðni bæjarstjórnarinnar á Ísafirði og tillögum yðar samþykkja, að kaupstaðurinn kaupi jörðina Seljaland í Eyrarhreppi fyrir verð það, er þjer tilgreinið, 5000 kr. 25. apr.

Sömuleiðis vil jeg samþykkja, að kaupstaðurinn taki lán upp á bæjar-sjóðinn í þessu skyni, að upphæð 5000 kr., en sökum þess að svo miklar lán-veitur og önnur útgjöld eru heimilud í núgildandi fjárlögum, að eigi er víst að landssjóðurinn geti haft fje aflögu til útláns, getur láninu ekki orðið heitið úr jarðabókarsjóði.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um hlunnindi handa sparisjóði. (Ágrip). — Með brjefi þessu voru sparisjóði Húsavíkur veitt hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874, um 5 ár frá 15. marz þ. á. að telja, með venjulegum skilyrðum. 6. maí

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um kaup á kirkjujörðinni Stekkjanesi handa Ísafjarðarkaupstað. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 24. f. m. tjáð mjer, að Hans Hátign konunginum hafi 23. s. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst leyfi til þess, að hjáleigan Stekkjaness (Stakkanes), tilheyrandi Eyrarkirkju eða Eyrarprestakalli í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, verði seld Ísafjarðarkaupstað gegn 200 króna árlegu gjaldi til prestakallsins, þannig að hjáleiguna með tilliti til allra skatta og afgangja framvegis verði að skoða sem bændaeygn. 8. maí

Þetta er hjer með þjónustusamlega tilkynnt yður, herra amtmáður, og yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um tollgreiðslu. — Þjer hafið, herra amtmáður, með þóknanlegu brjefi yðar, dagsettu 27. f. m., sent mjer erindi frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, þar sem hann óskar úrskurðar míns um það, hvort honum beri að innheimta toll af tollskyldum vörum, sem strandferðaskipið Vesta hafi átt að flytja til viðkomustaða sinna í norðuramtinu og vesturamtinu á leið frá Akureyri í marz þ. á. en vegna bilunar á stýri skipsins hafi verið lagðar upp um stundarsakir á Akureyri, þangað til gufuskipið Egill, sem haldi áfram ferð »Vesta«, hafi tekið vörurnar til þess að koma þeim þangað, er þær áttu að fara. 9. maí

Út af þessu er yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, að jeg er yður samdóma um, að honum hafi eigi borið að heimta toll af hinum umræddu vörum, með því að það liggur í augum uppi, að 16. grein strandlaganna 14. jan. 1876 getur eigi komið

59 hjer til greina, og það á hinn bóginn eigi virðist geta gjört neinn mun í þessu efni, hvort vörurnar hefðu verið geymdar í skipi á Akureyrarhöfn eða verið lagðar þar í land um stundarsakir.

60

Reikningur

yfir tekjur og gjöld söfnunarsjóðs Íslands árið 1895.

	Tekjur.	Kr. a.	Kr. a.
I. Sjóður við árslok 1894:			
a, veðskuldabrjef	95652	25	
b, skuldabrjef prestakalla	8515	00	
c, skuldabrjef Reykjavíkur	700	00	
d, ógreiddir vextir	313	29	
e, innstæða í landsbankanum	509	63	
f, í peningum hjá fjehirði	292	84	
			105983 01
II. Bætt við innstæðu vaxteigenda:			
a, innlög ávarinu	16624	22	
b, vextir fyrir 1895 lagðir við höfuðstól	2931	65	
			19555 87
III. Vextir af útlánum 1895 (auk kr. 2,25 greiddra f. á.)			5218 36
IV. Borgun fyrir viðskiptabækur			24 00
V. Vextir fyrir 1895, er biða útborgunar			1470 99
VI. Innborguð lán			4955 00
VII. Móti gjaldlið V. færast til jafnaðar			23750 00
			Kr. 160957 23
	Gjöld.	Kr. a.	Kr. a.
I. Vextir vaxteigenda fyrir 1895:			
a, ársvextir 4% af höfuðstól	4101	91	
b, dagvextir 3 ¹ / ₂ % um árið	300	73	
			4402 64
II. Ýmislegur kostnaður			61 25
III. Greiddir vextir			1426 01
IV. Móti tekjulið VI. færast til útgjalda			4955 00
V. Sett á vöxtu			23750 00
VI. Sjóður við árslok 1895:			
a, veðskuldabrjef	114862	25	
b, lán til prestakalla	8100	00	
c, skuldabrjef Reykjavíkur	700	00	
d, vextir fyrir 1895 áfallnir í gjalddaga	205	68	
e, innstæða í landsbankanum	1623	71	
f, í sjóði hjá fjehirði	870	69	
			126362 33
			Kr. 160957 23